



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 6.3.2013 kl. 20:00

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sigurður Bjarnason (SB), Victor Ingi Olsen (VIO) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU). Viðar Erlingsson (VE) boðaði forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

Eftir síðasta fund aðalstjórnar fóru fram samskipti milli stjórnarmanna vegna málefna handknattleiksdeildar félagsins og tillögu varaformanns um að hann tæki tímabundið að sér formennsku í deildinni. Þeim samskiptum lauk með því að hann dró tillöguna til baka.

2) UMSK þing

Formaður fór yfir nýfstaðið UMSK þing og tillögu Stjörnunnar varðandi lottómálin.

Aðalstjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

„Aðalstjórn UMF Stjörnunnar fagnar niðurstöðu Ársþings UMSK varðandi reglugerð um útdelingu lottófjar innan sambandsins. Um leið þakkar félagið Íþróttafélaginu Gróttu og Ungmennafélaginu Aftureldingu samvinnu um tillöguflutning á þinginu.“

3) Heimasíðumál félagsins

Ritari gerði grein fyrir tilboði frá Braga Magnússyni í verkefnið. Leggur til að tilboðinu í innleiðinguna verði tekið miðað við að síðan fari í loftið í byrjun september, auk þess sem samið verði um rekstur og ritstjórn síðunnar fyrir tímabilið sept-des 2013. Varaformaður mælir með því að tilboðinu verði hafnað.

Niðurstaða: Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að halda áfram viðræðum við Braga Magnússon um verkefnið og rekstur þess. Aðalstjórn samþykkir fjárveitingu að hámarki 1,5 milljón króna á árinu 2013.

Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa drög að samningi í samvinnu við ritara. Varaformaður greiddi atkvæði gegn tillögunni.

4) Afrekssjóður

Gjaldkeri kynnti drög að skipulagsskrá afrekssjóðs UMF Stjörnunnar.

Aðalstjórn samþykkir að leggja drögin eins og þau eru fyrir næsta aðalfund félagsins til samþykktar.

Formaður lagði fram til kynningar drög að reglugerð um afrekssjóð UMF Stjörnunnar.

Óskað er eftir skriflegum athugasemdum aðalstjórnarmanna fyrir næsta fund.

5) Önnur mál

(1) Stofnun Kraftlyftingadeildar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu málsins.

Aðalstjórn samþykkir styrk úr afrekssjóði að fjárhæð 250þús til deildarinnar á árinu 2013.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00 Ritað PGr